



Reglugerð um dómnefndir

I kafli: Almenn ákvæði

Gildissvið

1. Reglugerð þessi er sett með stoð í 13. grein laga Akstursíþróttasambands Íslands (AKÍS) og samkvæmt International Sporting Code frá FIA. Hún gildir um öll áfrýjunarmál innan vébanda AKÍS nema mál séu sérstaklega falin öðrum úrskurðaraðilum samkvæmt lögum og reglugerðum AKÍS.
2. Dómnefnd er fyrsta dómsstig dómstóla AKÍS.
3. Dómnefnd skal úrskurða hvaða viðurlögum á að beita vegna brots á reglum.
4. Úrskurðum dómnefndar er hægt að áfrýja til áfrýjunardómstóls AKÍS.
5. Störf dómnefnda eru ólaunuð.
6. Ársþing AKÍS skal kjósa almenna dómnefnd til tveggja ára sem tekur fyrir mál sem upp koma utan keppna eða ef keppnishaldari hefur ekki skipað dómnefnd keppninnar.
7. Dómnefndarmaður er vanhæfur að fara með mál ef hann er vanhæfur samkvæmt 5. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

II. kafli. Málsmeðferðarreglur

Almennar málsmeðferðarreglur

1. Dómnefnd heldur fundi eftir því sem þarf. Formaður boðar til fundar
2. Dómnefnd getur í öllum málum óskað eftir skriflegum athugasemdum frá keppendum, stjórnendum eða starfsmönnum keppninnar, AKÍS eða öðrum þeim er málið getur varðað.
3. Aðila máls fyrir dómnefnd er heimilt að fela umboðsmanni að gæta hagsmuna sinna fyrir dómnefndinni. Telji dómnefnd að hætta sé á að málsstaður einhvers málsaðila verði fyrir tjóni vegna þess að hann er ekki fær um að koma sínum sjónarmiðum að í málinu, getur formaður hans tilkynnt slíkt til framkvæmdastjóra AKÍS sem getur þá skipað slíkum aðila talsmann í viðkomandi máli.

Kæra

4. Keppandi sem misgert er við, hefur rétt til að leggja fram kæru til dómnefndar AKÍS. Aðila sem hefur kærurétt er heimilt að beina þeirri kröfu til dómnefndar að hann verði aðili máls og skal slík krafa koma fram eigi síðar en við aðalflutning málsins.



5. Kærur skulu vera skriflega og sendar til stjórnstöðvar keppinnar.
6. Kæra til dómnefndar skal vera skrifleg, undirrituð af aðila máls eða umboðsmanni hans, berast dómnefnd ásamt fylgigögnum og fullnægja eftirfarandi skilyrðum:
7. Nafn kæranda, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang.
8. Nafn gagnaðila, kennitala, heimilisfang, símanúmer og netfang.
9. Skýr kröfugerð.
10. Lýsing helstu málavaxta.
11. Tilvísun til þeirra laga og reglugerða, sem byggt er á í málinu.
12. Lýsing á helstu röksemdum.
13. Lýsing á helstu gögnum er fylgja kæru.
14. Upptalning á vitnum, sem kærandi óskar að kalla til skýrslutöku.
15. Mál telst höfðað þegar kæra berst stjórnstöð keppinnar og staðfesting á móttöku hefur verið gefin út. Áður en málið er lagt fyrir næsta fund skal formaður dómnefndar taka afstöðu til þess hvort einhverjir formgallar séu á kæru sem varði frávísun með úrskurði.
16. Verði málinu ekki vísað frá vegna formgalla skal það lagt fyrir á næsta fundi dómnefndar AKÍS til efnislegrar meðferðar.
17. Dómnefnd skal senda gagnaðila án tafar og með sannanlegum hætti kæru og fylgigögn ásamt áskorun um að halda uppi vörnum í málinu. Gagnaðila skal gefinn allt að 7 daga frestur til að skila greinargerð í málinu og skal hún fullnægja sömu kröfum og fram koma í grein 6.2., eftir því sem við getur átt.
18. Þegar öll gögn málsins hafa borist dómnefnd skal dómnefndin taka ákvörðun um hvort mál skuli í reynd flutt, þá munnlega eða skriflega, hvort taka skuli vitna- eða aðilaskýrslur fyrir dómnefnd eða annað það sem taka þarf ákvörðun um varðandi málsmeðferð málsins eftir móttöku þess.
19. Telji formaður dómnefndar augljóst við skoðun á máli, að brotið hafi verið gegn lögum og eða reglugerðum AKÍS, getur hann ákvarðað flýtimeðferð máls. Þeirri kröfu er beint til varnaraðila að hann upplýsi innan sólarhrings hvort hann hyggst hafa varnir uppi í málinu og hverjar þær séu. Komi engar varnir fram eða þær bersýnilega tilgangslaugar er heimilt að kveða upp dóm án tafar.

Frestir

1. Kæra skal berast dómnefnd innan 30 mínútna frá því að úrskurður dómnefndar er birtur.
2. Berist áfrýjun eftir að tímamörk eru liðin vísar dómnefnd áfrýjuninni frá.
3. Sé máli vísað frá dómi hefur kærandi þriggja daga frest til að skjóta málinu aftur fyrir dómnefndina. Frestur skal byrja að líða þegar frávísun berst kæranda og almennir frídagar skulu ekki telja með.
4. Dómnefnd getur ákveðið að mál sé tekið til meðferðar eftir að frestur er liðinn ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

III kafli: Dómnefnd í keppni

1. Dómnefnd er æðsta vald á keppnisstað. Hún ber ábyrgð á að framkvæmd keppna sé eftir reglum, að úrslit séu birt og úrskurðar um kærur sem berast. Dómnefnd hefur vald til að framfylgja reglum AKÍS, ÍSÍ og FIA ásamt sérreglum keppinnar.



2. Dómnefnd skal skipuð minnst þremur aðilum. Formaður dómnefndar skipuleggur fundi og ber ábyrgð á fundargerðum ásamt því að koma fram fyrir hönd dómnefndar.
3. Keppnisstjóri skal ráðfæra sig við dómnefnd alla keppnina til að tryggja greiða framkvæmd.
4. Dómnefnd er ekki ábyrg fyrir framkvæmd eða skipulagi keppinnar. Dómnefndin ber eingöngu ábyrgð gagnvart AKÍS og FIA.
5. Dómnefnd má taka fyrir hvert það mál sem hún telur þurfa úrskurðar við í keppninni.
6. Kæurur skulu vera skriflegar og afhendast keppnisstjóra ásamt tryggingu sem tilgreind er í gjaldskrá AKÍS, nema annað komi fram í dagskrá keppinnar. Tryggingafé fæst ekki endurgreitt nema kærán sé tekin til greina.
7. Dómnefnd skal undirrita og senda til AKÍS lokaskýrslu eins fljótt og auðið er eftir lok keppni. Þessi skýrsla innihaldi úrslit keppinnar ásamt upplýsingum um öll mótmæli og úrskurði sem dómnefnd kann að hafa gert ásamt ákvörðunum sem voru teknar um brottvísun eða aðrar refsingar.
8. Dómnefnd getur:
 - a. breytt sérreglum keppinnar
 - b. breytt uppstillingu riðla og flokkaskiptingar
 - c. ákveðið endurtekningu á ræsingu
 - d. fellt úr gildi ákvörðun dómara
 - e. úrskurðað um refsingu og sekt
 - f. vísað keppendum úr keppni og frá keppnissvæði
 - g. bannað keppnistæki sem gætu valdið hættu
 - h. frestað keppni til dæmis vegna náttúruhamfara eða annarrar hættu
 - i. fært rásmark og endamark
 - j. stöðvað keppni
 - k. gefið út flokkaskiptingu og úrslit keppni
 - l. óskað eftir sérstakri skoðun keppnistækja
 - m. tekið á meintri lyfjamisnotkun
9. Dómnefnd má úrskurða um öll mál sem gætu komið upp í keppni með fyrirvara um áfrýjun.
10. Heimilt er að greiða dómnefndarmanni ferðakostnað. Hins vegar er upphald dómnefndar meðan á keppni stendur ávallt á ábyrgð keppnishaldara.

IV kafli: Almenn dómnefnd AKÍS

1. Almenn dómnefnd AKÍS skal skipuð fimm dómurum. Formaður og varaformaður skulu vera löglærðir. Skulu þeir kosnir á Árspingi AKÍS til tveggja ára í senn.



2. Að lágmarki þarf þrjá til að fella úrskurði og skal einn þeirra vera formaður eða varaformaður. Formaður eða varaformaður skipuleggur fundi hennar og ber ábyrgð á fundargerðum ásamt því að koma fram fyrir hönd dómnefndar.
3. Almenn dómnefnd tekur fyrir mál sem upp koma utan keppna eða beint er til hennar sérstaklega af dómnefndum keppna eða stjórn AKÍS.
4. Almenn dómnefnd hefur vald til að framfylgja reglum AKÍS, ÍSÍ og FIA ásamt sérreglum keppninnar.
5. Dómnefnd má taka fyrir hvert það mál sem hún telur þurfa úrskurðar við og tengist keppendum, aðstoðarmönnum, starfsmönnum eða stjórnendum keppna með fyrirvara um áfrýjun.
6. Kærur skulu vera skriflegar og afhendast skrifstofu AKÍS ásamt tryggingu sem tilgreind er í gjaldskrá AKÍS. Tryggingafé fæst ekki endurgreitt nema kærán sé tekin til greina.
7. Almenn dómnefnd AKÍS skal undirrita og senda til AKÍS úrskurði sína um einstök mál eins fljótt og auðið er. Í úrskurðum almennu dómnefndarinn komi fram upplýsingar forsendur úrskurðar ásamt ákvörðunum sem voru teknar um refsingar.
8. Almenn dómnefnd getur:
 - a. tekið á agamálum
 - b. úrskurðað um refsingu og sekt
 - c. gefið út flokkaskiptingu og úrslit keppni
 - d. óskað eftir sérstakri skoðun keppnistækja
 - e. tekið á meintri lyfjamisnotkun
9. AKÍS er heimilt að greiða dómnefndarmanni í almennu dómnefndinni ferðakostnað og uppihald ef við á.

Samþykkt á Ársþingi AKÍS 2018